

Innra mat skólans

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2024 - 2025 og unnið var skv umbótaáætlun sem gerð var vorið 2024. Innra matsteymi skólans skipa: Christoph Wöll umsjónarkennari og staðgengill skólastjóra, Lára Björk Sigurðardóttir umsjónarkennari á miðstigi, og undirrituð. Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf gæðaviðmiða sveitarfélagsins og er þeim gögnum sem fylgja þessari skýrslu ætla að gefa mynd af því hvernig staðan er í Öxarfjarðarskóla. Skýrslan var unnin í Bravo lesson kerfinu sem tekið var til notkunar sl. haust.

Gaman er að segja frá því að í vor að ákveðið var að efna til samkeppni um einkennismerki skólans (logo) og fengu allir nemendur að taka þátt í því. Á Vorgleði skólans voru svo allar hugmyndir kynntar fyrir foreldrum, starfsfólki sem og öðrum gestum og kosið var um merkin. Þau 5 sem hlutu flest atkvæði voru send til grafíks hönnuðar sem útfærði fallegt merki fyrir skólann. Merkið er grænt og sýnir birkitré sem er einkennandi fyrir umhverfi skólans. Það vex upp úr bók og vísar til vaxtar, vísu og þroska en græni liturinn er litur náttúrunnar og táknar m.a. vöxt og öryggil. Ákveðið var eftir umræður innanhúss og einnig í foreldrakönnun að bæta *metnaði* við einkunnarorð skólans sem eru jákvæðni - vinátta - virðing og eru þessi fjögur orð utan um krónu trésins. Við erum afskaplega stolt og ánægð með nýja fallega merkið okkar.

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri Öxarfjarðarskóla

Um innra mat skólans

Áætlun ársins var að vinna samkvæmt umbótaáætlun frá fyrra ári fyrir 2024-2025 og má sjá [hér](#) en einnig að meta nokkra þætti úr nýrri langtímaáætlun (2024-2029) [Hér](#) er virk langtímaáætlun innra mats sem gerð var sl haust og verður metið samkvæmt henni til 2029.

Innra matsteymið kom nokkrum sinnum saman á skólaárinu og tókst að leggja fyrir kannanir á líðan og námi og kennslu fyrir nemendur og foreldra. Einnig tók starfsfólk könnun um líðan og starfsanda. Þá var einnig lögð fyrir könnun á mötuneyti skólans fyrir nemendur og foreldra í kjölfar breyttra viðmiða landlæknisembættisins um einstaka matvæli. Bæði nemendum og foreldrum gafst kostur á að svara opnum spurningum um mötuneytið og sjá má í meðfylgjandi skjölum.

Viðfangsefni skólaársins samkvæmt langtímaáætlun voru:

Stjórnun og fagleg forysta - Faglegt samstarf og samræða, velferð og líðan nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur og leiðtogahefni stjórnenda og starfsmanna.

Nám og kennsla - Inntak og námskrá og gæði kennslu.

Innra mat - skipulag innra mats.

Auk þess var mat lagt á [starfsáætlun skólaársins 2024-25](#).

Umbótaáætlun skólaársins er lokið. Þar var kveðið á um að endurskoða langtímaáætlun innra mats og var það gert fyrir næstu 5 ár. Þá fór einnig fram endurskoðun á almennum hluta skólanámskrár og hefur uppfærð námskrá verið sett á heimasíðuna. Gerð var áætlun um innlit í kennslustundir ásamt félagamati. Það gekk að mestu upp en félagamatið fór fram á vorönn í tengslum við teymisvinnuverkefnið með MSHA. Hins vegar þarf skólastjóri að koma sér upp áætlun fyrir reglubundnara og kerfisbundið innlit í kennslustundir. Vinna við skráningu verkefna og kennsluáætlana í Mentor hélt áfram en ennþá þarf að bæta það. Niðurstöður allra kannana voru rýndar af innra mats teymi og tekið mið af því sem betur má fara. Að síðustu var ákveðið að færa allt innra mat í Bravo lesson fyrir betra utanhald og til einföldunar og hefur það hér með verið gert.

Starfsáætlun fyrir 2024-25 gekk nánast alveg eftir fyrir utan sundkennslu sem ekki gekk sérstaklega vel að haustinu þar sem sundlaugin var ekki í nógu góðu standi. Hins vegar var sundkennsla aftur á dagskrá í apríl og maí og segja má að laugin hafi þá varla slegið feilpúst. Ákveðið hefur verið að fara í endurbætur á sundlauginni 2026- 2027 og mun því öll sundkennsla næsta skólaárs fara fram eingöngu á haustönninni.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Markmiðið fyrir þetta ár var að koma nýrri langtímaáætlun á laggirnar og var það gert í haust. Gögn sem nýtt voru til að mæta við markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista til nemenda, foreldra og starfsfólks sem og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Innra mat var framkvæmt samkvæmt skipulagi og náðist að gera flest það sem lagt var upp með í innra mats áætlun.

[Hér](#) má sjá innra matsáætlun fyrir næstu 5 árin frá 2024-2029

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun		X		X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða	X		X		X
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X		X	
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga			X	X	
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	X		X		X
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting		X		X	
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks	X		X		X

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá	X		X		X
2.2 Árangur náms		X		X	
2.3 Gæði kennslu	X		X		X
2.4 Skipulag náms		X		X	
2.5 Námsvitund		X			
2.6 Ábyrgð og þátttaka		X		X	

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag	X		X		X
3.2 Framkvæmd		X		X	
3.3 Umbætur	X	X	X	X	X

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesferill	X	X	X	X	X
Matsferill MMS		X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Nemendakönnun. Skólapúlsinn verður tekinn í gagnið haustið 2025	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X		X		X
Foreldrakönnun	X	X	X	X	X

Menntastefna og stefna skólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029

Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Í ár voru eftirfarandi þættir metnir undir viðfangsefninu **Stjórnun og forysta**:

- Faglegt samstarf og samræða
- Velferð og líðan nemenda
- Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
- Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Eftirtaldir þættir voru metnir undir viðfangsefninu **Námi og kennslu**:

- Inntak og námskrá
- Gæði kennslu

Síðan var skipulag innra mats tekið fyrir.

Gæðaviðmið grunnskóla voru metin á neðangreindum skala. Það sem er gult fer í umbætur.

* Framúrskarandi

A - Mjög gott


B - Gott

C - Ábótavant


D - Óviðunandi

Heildarniðurstöður


Stjórnun og fagleg forysta



Nám og kennsla



Innra mat



Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu styrkleikar skólastarfsins felast í mannauðnum þrátt fyrir að einungis helmingur kennara sé með fagmenntun. Þeir leiðbeinendur sem hér starfa, eru flestir búnir að vera 10 ár eða lengur og einungis einn leiðbeinandi sem hóf störf við kennslu síðastliðið vor. Þessi hópur er mjög þéttur og hefur farið í gegnum teymisvinnuverkefni með MSHA sem skilar sér í faglegri vinnubrögðum og auknum gæðum í kennslu og námsmati. Skólanámskráin er að færast í það horf sem áætlað var upphaflega. Hún verður tekin reglulega til endurskoðunar hér eftir. Nemendum líður almennt mjög vel í skólanum og kemur það berlega fram í könnunum sem gerðar eru. Þá eru foreldrar alla jafna ánægðir með skólann, kennsluna og mötuneytið.

Samstarf við Tónlistarskóla Húsavíkur hefur verið afar gott. Kennarar þaðan koma 2x í viku og margir nemendur sem stunda nám við skólann ásamt því að tónmennt var kennd í hópum.

Þá var tekið upp samstarf við Íþróttafélagið Þingeying sem bauð öllum nemendum skólans upp á íþróttastarf tvisvar í viku á skólatíma þar sem kynntar voru alls kyns íþróttir. Þetta samþættingarverkefni mæltist vel fyrir og áætlað er að halda því áfram.

Margt hefur verið unnið upp sem áður vantaði og erum við hægt og sígandi að fíkra okkur áfram. Í heild má segja að í okkar litla samrekna skóla sé góður og jákvæður andi, öflugt og gott skólastarf með góðu starfsfólki sem leggur sig fram um að vinna öll sín störf af metnaði.

Tækifæri til umbóta

Alltaf er auglýst eftir fagmenntuðu fólki til starfa sem gengur yfirleitt illa þar sem engar hæfar umsóknir berast. Hins vegar eru hér leiðbeinendur að hefja nám í kennslufræðum sem styrkir stofnunina og starfið enn frekar.

Það sem helst er nefnt í foreldrakönnunum sem og hjá starfsfólki er að bæta þurfi öryggi á skólalóð og fleiri afþreyingarmöguleikar fyrir nemendur úti við í frímínútum og frístund. Eins og staðan er núna, er um að ræða ærslabelg (sem hægt er að nota hluta úr ári) og gamla rennibraut, vegasalt og klifurgrind. Sérlega vantar rólur á svæðið og eins líka upphitaðan og upplýstan heilsárs sparkvöll. Þá þyrfti að finna frístundinni betri stað og farveg þar sem leikskólinn þrengir óhjákvæmilega að.

Námsárangur nemenda


Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Lesferill, próf, kannanir, framvinduskráningar og frammistöðumat

Niðurstöður

Styrkleikar

Nemendur eru ábyrgir gagnvart námi sínu og leggja sig jafnan vel fram um að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér. Framvinduskráningar sýna svart á hvítu miklar framfarir í stærðfræði. Þá koma nemendur heilt yfir mjög vel út í Lesferli en þeir eru alls staðar vel yfir viðmiðum 1 og yfir landsmeðaltali í flestum árgöngum eins og sést á þessari mynd:



Tækifæri til umbóta

Munum taka nýja Matsferilinn frá MMS til nota þegar hann verður tiltækur.

Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Gerð var ein könnun á líðan, námi og samskiptum og aðeins mismunandi kannanir sem nemendur fengu - eftir aldri . Nemendur í 1.-2.bekk fengu broskallakönnun en nemendur 3 - 4.b fengu google forms könnun eins og 5. -10.b einnig en þeirra var örlítið ítarlegri.

Fram kemur að 90% nemenda líður vel í skólanum - með samnemendum og finnst þau vera örugg ásamt því að treysta kennurum sínum og 90% telja að komið sé fram við þau af virðingu. Þá eru 90% sem eru ánægð með skólann. Nemendur telja sig fá þá aðstoð sem þeir þurfa.

Einnig var lögð fyrir þau könnun á mötuneyti skólans og fram kom þar að þau væru yfir höfuð ánægð með matinn og matráðinn.

[Hér](#) má sjá nemendakönnun 1.-2.b

[Hér](#) má sjá nemendakönnun 3.-4.b

[Hér](#) má sjá nemendakönnun 5.-10.b

[Hér](#) er könnun fyrir mötuneytið hjá nemendum 5.-10.b

Niðurstöður

Styrkleikar

Smæð skólans er styrkleiki hans. Bekkjardeildirnar þrjár eru fámennar og við höfum til þessa getað veitt nemendum mjög góða þjónustu með því að hafa stuðning inni í deildum. Ekkert sérstakt námsver er við skólann og eru nemendum veitt sú aðstoð sem þeir þurfa í tímum. Nemendum líður almennt vel í skólanum og greinilegt að mótuneytið skiptir þá miklu máli. Þá eru nemendur yfirleitt sáttir við sína kennara og treysta þeim. Stöðugleiki í starfsmannahaldi.

Tækifæri til umbóta

Vantar tilfinnanlega meiri afþreyingu á skólalóðinni fyrir eldri nemendur þar sem eingöngu gömul leiktæki eru og ekki rólur fyrir þau yngstu sem þau sakna. Gott væri að koma körfuboltavellinum í stand svo hægt sé að nýta hann þegar veður gefst.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Starfsmannakönnun var lögð fyrir allt starfsfólk skólans á vorönn 2025 í google forms. Matsþættir voru líðan, ánægja í starfi, starfsandi, tengsl við nemendur, aðbúnaður, samskipti við foreldra, lýðræðislega aðkomu, viðhorf til skólans og traust til yfirmanna. [Hér](#) má sjá starfsmannakönnunina

Niðurstöður

Styrkleikar

Starfsfólki líður almennt vel í starfi eða um 87% og yfir 90% upplifa góðan starfsanda. Þá eru starfsmenn heilt yfir ánægðir með starfið sitt og telja sig hafa lýðræðislega aðkomu að því. Þá telja yfir 90% sig eiga auðvelt með samskipti við nemendur og ná góðum tengslum við þá. Fólk veit til hvers er ætlast af því, treystir yfirmönnum og er jákvætt út í starfið og þann anda sem ríkir

Tækifæri til umbóta

Allt of margir nefna ófullnægjandi aðbúnað. Inn í það spilar skólalóðin varðandi öryggi barna þegar umferð er annars vegar. Einnig er verkgreinaaðstaða nefnd sem ófullnægjandi þar sem þrengt hefur að henni með stækkandi leikskóla. Frístund nemenda er að mestu í miðrými skólans á meðan kennslu stendur í eldri deildum. Þyrfti að leysa betur úr þessu þar sem nemendum fjölgar á yngsta stigi á næsta ári. Spurning hvort hægt verði að nýta Gamla Lund undir frístund þegar búið verður að endurbæta sundlaugina og taka klórbúnaðinn út úr húsi.

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Foreldrakönnun var lögð fyrir á vorönn 2025. Þar var spurt um kennslu og kennsluaðferðir, nám og námsmarkmið ásamt upplýsingaveitu frá skólanum og samskipti við kennara, gleði og líðan barna í skólanum og teymiskennsluna. Þá var einnig spurt um traust á stjórn skólans.

[Hér](#) er foreldrakönnunin

Niðurstöður

Styrkleikar

Foreldrar telja að nemendum þeirra líði yfirleitt vel í skólanum, kennararnir góðir við börnin og komi fram við þau af virðingu og hafi áhuga á að þau læri. Ánægja er með teymiskennsluna og telja flestir að börn þeirra fái betri þjónustu þannig og auðvelt sé að leita til kennara ef eitthvað er. Allir sammála um að upplýsingagjöf frá skólanum sé góð með vikulegum fréttapóstum úr deildunum auk fréttu á heimasíðunni. Þá eru fleiri en áður var, farnir að nýta sér upplýsingar af heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

Einungis 75% telja barnið sitt öruggt í skólanum og spilar þar umræða um skólalóðina inn í en öryggi barnanna hefur mikið verið í umræðunni upp á síðkastið. Spurning um að kanna hvort foreldrum finnst það sama innandyrá. Hins vegar eru tækifæri til umbóta á skólalóð og er það mál í vinnslu á vegum sveitarfélagsins.

Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Þjónusta kennara við nemendur var metin af foreldrum og nemendum. Mat á innleiðingu teymisvinnunnar var metið í foreldrakönnun og meðal kennara og starfsfólks.

Niðurstöður

Styrkleikar

Foreldrar eru ánægðir með teymiskennsluna og telja yfirleitt að nemendur fái betri þjónustu með teymisvinnu tveggja eða fleiri kennara. Kennarar eru mjög ánægðir með fyrirkomulagið og samstarfið við MSHA styrkti teymisvinnuna enn frekar.

Tækifæri til umbóta

Innleiðing leiðsagnarnáms/ leiðsagnarmats mun fara fram næstu þrjú ár undir leiðsögn MSHA og hefst haustið 2025.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

1.1 Samvirkni í stefnumótun: Innleiða og formgera þrepaskiptan stuðning við skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólanum. Ábyrgð: Skólastjóri og kennarar fyrir lok skólaárs 2025-2026.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga: Formgera skriflegt verklag hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur og framfarir nemenda. Ábyrgð: Skólastjóri og innra matsteymi fyrir lok skólaárs 2025-2026.

Leiðsagnarmat og leiðsagnarnám verður megin viðfangsefnið í starfsþróun sem og umbótum næstu 3 skólaár.